

Tilmæli frá Geðhjálp

MORGUNBLADINU hafa borist eftirfarandi tilmæli frá stjórn Geðhjálp:

„Stjórn Geðhjálpar beinir þeim tilmælum til þeirra sem tjá sig í fjölmiðlum að þeir grípi ekki til þess að líkja andstæðingum sínum og þeim sem fremja ódæðisverk við geðsjúka. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast hvattir til að gera ekki slík mistök að áberandi fjölmiðlaefni. Forðast ber að beita þeim málsrökum í deilum að geðheilsu kunni að vera ábótavant hjá þeim sem eru annarrar skoðunar.

Það er lítilsvirðing við geðsjúka að útskýra ódæðisverk með vísan til þess að brotamaðurinn hljóti að vera geðsjúkur. Slíkt er jafnan gert, án þess að nokkuð liggi fyrir sem bendi til þess að svo sé. Þannig málflutningur stuðlar að fordómum í garð þeirra sem eiga við geðræn vandkvæði að etja.“